

Nd. **1309. Frumvarp til laga** [455. mál]

um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. júní.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutfé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

3. gr.

Viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutfé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutfé sem greinir í 1. gr. skal

ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutafé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi hlutafjárloforda þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.
3. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt 1. gr.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum.